

Ozempic – tímabundinn birgðaskortur.

Í tilefni af bréfi til heilbrigðisstarfsmanna vegna tímabundins birgðaskorts á lyfinu Ozempic hafa Miðstöð lyfjaupplýsinga á Landspítala og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tekið saman leiðbeiningar, í samvinnu við Göngudeild innkirtla á Landspítala.

Meðfylgjandi ráðleggingar eru ætlaðar heilbrigðisstarfsmönnum til upplýsinga varðandi breytingar á meðferð vegna skorts á lyfinu Ozempic.

Sá hópur sem ætti að vera í forgangi að fá Ozempic eru sjúklingar með sykursýki 2 og með eitthvert eftirtalinna:

- Offitu
- Staðfestan hjarta- og æðasjúkdóm
- Aukna áhætta á hjarta- og æðasjúkdómum
- Ófullnægjandi meðferðarárangur við sykursýki tegund 2

Komi upp sú staða að sjúklingur fær ekki Ozempic við sykursýki tegund 2 er mælt með eftirfarandi:

1. Að skipta yfir í Rybelsus (semaglutide) töflur, 7 mg til að byrja með, tekið á fastandi maga einu sinni á dag að morgni. Náist ekki fullnægjandi meðferðarárangur má hækka í 14 mg eftir u.þ.b. mánuð. Ekki má skipta yfir í töflur fyrr en fyrsta lagi eftir viku frá síðasta skammti af Ozempic. Mikilvægt er að vekja athygli sjúklinga á að Rybelsus er tekið daglega, einu sinni á dag.
2. Að skipta yfir í liraglutide; Victoza 1,2 mg á dag, í meðferð við sykursýki 2 eða Saxenda 1,8-3,0 mg ef meðferð er við offitu og sykursýki 2.
3. Einstaklingar með ófullnægjandi sykurstjórnun og/eða áhættu á hjarta- og æðasjúkdómum geta hafið meðferð með SGLT-2 hemli ef Ozempic er ófánlegt. Sjá nánar evrópskar leiðbeiningar um meðferð við sykursýki 2. <https://diabetesjournals.org/view-large/figure/4455221/dci220034f3>.

Hafa ber íhuga að virkni Ozempic er upp í 12 daga frá síðasta skammti. Því er óhætt að gera hlé á meðferð í 14 daga og halda áfram á sama skammti eftir 14 daga.

Ef breytingar eru gerðar á meðferð með GLP-1 hliðstæðum, t.d. þegar skipt er úr stungulyfi í töflur, má búast við hækkun á blóðsykri. Íhuga skal þá að auka aðrar meðferðir til lækkunar á blóðsykri. Komi upp frekari spurningar þarf sjúklingur að hafa samband við sinn lækni til að fá nánari leiðbeiningar.

Hafið er samtal við Sjúkratryggingar Íslands um að lyfjaskirteini vegna Ozempic gilda áfram þrátt fyrir að skipt sem um lyf og lyfjaform. Frekari upplýsingar um það verða sendar til ykkar síðar.